

KJARASAMNINGUR
milli
Samtaka atvinnulífsins
vegna Leikfélags Reykjavíkur
og
Félags leikstjóra á Íslandi
um kaup og kjör leikstjóra

1 Kafli Launaflokkar og kaup

1.1 Mánaðarlaun

1.1.1 Mánaðarlaun skulu taka eftirfarandi breytingum á samningstímanum:

Almenn hækkun mánaðarlauna fyrir fullt starf

1. janúar 2020:	17.000 kr.
1. apríl 2020:	18.000 kr.
1. janúar 2021:	15.750 kr.
1. janúar 2022:	17.250 kr.

Kauptaxtar

Kauptaxtar hækka sérstaklega, sbr. fylgiskjal

1. janúar 2020:	17.000
1. apríl 2020:	24.000
1. janúar 2021:	24.000
1. janúar 2022:	25.000

1.1.2 Eingreiðsla janúar 2020

Í janúar 2020 greiðist sérstök 128.000 eingreiðsla til allra þeirra sem voru á launaskrá hjá LR tímabilið júlí 2019 – janúar 2020. Greiðslan er hlutfallsleg m.v. starfshlutfall frá 1.7.2019 til 31.12.2019.

1.1.3 Fyrir hverja sýningu umfram 8 á aðalsviði og fyrir hverja sýningu umfram 10 á minni sviðum skal greiða 2,1% af mánaðarlaunum leikstjóra skv. hjálögðum launatöflum.

1.2. Flokkun sviðsetninga

1.2.1 **Sviðsetning 1** Sérstaklega vandasöm sýning fyrir stórt svið, með fjölda þátttakenda og flóknum sviðsútfærslum skal metin til að

- lágmarki fimm mánaðarlauna. Hið sama gildir um öll ný íslensk verk.
- 1.2.2 **Sviðsetning 2** Kvöldssýning, lengri en 60 mín og barnasýningar, lengri en 60 mínútur skal nema að lágmarki fjórum mánaðarlaunum.
- 1.2.3 **Sviðsetning 3** Styttri sýning, 70 mínútur eða skemmri og barnasýningar, 60 mínútur eða skemmri skal nema að lágmarki þrem mánaðarlaunum.

1.3 Röðun leikstjóra í launaflokk

- 1.3.1 Leikstjórar raðast í launaflokk 01 - 08 í launatöflu samnings þessa. Taflan tekur mið af því að leikstjórar séu með háskólamenntun í leiklist eða sambærilegum greinum sviðslista, eða a.m.k. 5 ára reynslu af starfi við leikstjórn. Leikstjóri skal leggja fram fullnægjandi gögn til staðfestingar starfsreynslu sinni. Byrjunarlaun miða við leikstjóra sem hefur unnið að fjórum eða færri sviðsetningum. Röðun leikstjóra tekur hækkun miðað við starfsreynslu og/eða prófaldur. Ljúki leikstjóri sem raðað er í launaflokk 01 – 07 formlegu meistaranámi eða sambærilegu námi á háskólastigi skal hann raðast einum launaflokki ofar en ella.

Með sviðsetningum er átt við tilgreindan fjölda af fullgildum leiksýningum í atvinnuleikhúsi og LHÍ eða sambærilegum stofnunum. Þar að auki skal meta eftirfarandi reynslu skv. neðangreindri töflu:

Tegund verkefna	Fjöldi upp í fullgilda sviðsetningu	Hámark metið sem sviðsetningar
Stuttmynd og skemmri leikin sjónvarpsverk	4	2
Sjónvarpsmynd 50 mín. eða lengri	1	3
Kvikmynd 71 mín. eða lengri	1	3
Leiktúlkunarverkefni í LHÍ eða samb. skóla	3	2
Uppfærsla í áhugamannaleikhúsi	3	3
Aðstoðarleikstjórn í atvinnuleikhúsi	3	2
Útvarpsleikrit stök eða í röðum	4	2

Leikstjóri skal leggja fram fullnægjandi gögn til staðfestingar starfsreynslu sinni.

Handritsskrif leikstjóra að verki skv. 3. mgr. telst ígildi leikstjórnar við mat á reynslu við röðun í launaflokk.

1.4 Ráðning á tímavinnukaupi

- 1.4.1 Heimilt er að greiða leikstjórum tímavinnukaup sem ráðnir eru til að vinna að sérhæfðum, afmörkuðum verkefnum sem ekki falla undir sviðssetningar sbr. gr. 1.2. Tímavinnukaup fyrir slíka vinnu er 0,615% af mánaðarlaunum launaflokks viðkomandi leikstjóra skv. hjálögðum launatöflum.

1.5 Vinnuskylda

- 1.5.1 Innifalið í heildar launagreiðslum leikstjóra er allur undirbúningur, allar æfingar og öll önnur vinna með leikurum, listrænum stjórnendum, tæknifólki og yfirstjórn leikhússins fram að frumsýningu viðkomandi sviðssetningar svo og eftirlitsskylda með sýningum. Leikstjóri sem er fastráðinn skal á þeim tíma sem hann vinnur ekki að sviðssetningu leikverks, inna af hendi þá vinnu sem óskað er af hálfu leikhússtjóra við listræn verkefni innan leikhússins.

1.6 Aukaæfingar og eftirlit

- 1.6.1 Greiða skal verkefnaráðnum leikstjóra skv. gr. 1.4.1 með yfirvinnukaupi fyrir æfingar sem falla til eftir frumsýningu s.s. vegna kynninga, myndbandsupptaka, forfalla leikara o.s.frv. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum skv. hjálögðum launatöflum.
- 1.6.2 Forfallist leikari eftir að sýningar eru hafnar, er leikstjóra skylt að æfa nýjan leikara í hlutverkið í hans stað. Geti leikstjóri ekki komið því við, skal leikhússtjóri hafa samráð við hann um staðgengil hans. Um greiðslur fer skv. gr. 1.6.1.
- 1.6.3 Ef nauðsyn er á æfingum eftir fyrstu viku frá frumsýningu, ber leikstjóra að stjórna slíkum æfingum. Æfingar í fyrstu viku eftir frumsýningu eru án aukagreiðslu. Greiða skal vegna aukaæfinga eftir fyrstu viku frá frumsýningu skv. gr. 1.6.1.
- 1.6.4 Leikstjóra ber að fylgjast með sýningum á sviðsetningu sinni en slíkt eftirlit er innifalið í greiðslum til hans sbr. 1.5.1 gr. Leikstjóra er ekki skylt að vera viðstaddur hverja sýningu en æskilegt er að hann sé viðstaddur sýningu reglulega. Leikstjóri skal senda leikhússtjóra í tölvupósti stutta skýrslu að lokinni hverri heimsókn og miðla mati sínu á stöðu sýningarinnar.

1.7 Desember- og orlofsuppbót

- 1.7.1. Starfsmenn, fá greidda desember- og orlofsuppbót í samræmi við aðalkjarasamninga SA á almennum vinnumarkaði. Heimilt er í ráðningarsamningi

að fella uppbætur inn í mánaðarlaun starfsmanns eða semja um annað fyrirkomulag greiðslu.

- 1.7.2. Eftir eins árs starf hjá sama vinnuveitanda teljast fjarvistir vegna lögbundins fæðingarorlofs til starfstíma við útreikning desember- og orlofsuppbótar. Sama gildir er kona þarf af öryggisástæðum að leggja niður störf á meðgöngutíma, sbr. reglugerð um ráðstafanir til þess að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir konur sem eru þungaðar, hafa nýlega alið barn eða hafa barn á brjósti.

2 Kafli Ráðning , ráðningarform, uppsagnarákvæði, frávik frá æfingum

2.1 Ráðning leikstjóra

- 2.1.1 Leikstjórar geta ýmist verið ársráðnir, verkefnaráðnir eða fastráðnir starfsmenn LR.

2.2 Ársráðning

- 2.2.1 Ráðning í fast starf sem leikstjóri í a.m.k. eitt leikár í senn og rennur samningurinn út án uppsagnar að ráðningatíma loknum.
- 2.2.2 LR ákveður tímanlega í samráði við leikstjóra hvaða verkefni leikstjórinn skal inna af hendi á samningstímanum.
- 2.2.3 LR ber að afhenda leikstjóra handrit a.m.k. fjórum mánuðum fyrir áætlaðan frumsýningardag. Undantekning er leiksmiðjuverkefni eða ákvörðun um leikverk tekin með stuttum fyrirvara enda fullt samkomulag aðila um slíkt.
- 2.2.4 Launakjör og skipulag vinnutíma eru alfarið samkomulagsatriði á milli LR og viðkomandi leikstjóra.
- 2.2.5 Gagnkvæmur uppsagnarfrestur á ráðningatíma eru þrjú mánuðir.

2.3 Verkefnaráðning

- 2.3.1 Leikstjóri er ráðinn tímabundið til að vinna að tilteknu verkefni s.s. sviðssetningu leiksýningar eða leiklesturs, stjórn rannsóknarverkefnis á sviði sviðslista o.s.frv. Er að öðru leyti ekki starfsmaður LR. Um tímalengd verkefnaráðningar til sviðssetningar leiksýningar fer skv. grein 1.2.

2.3.2 LR ber að afhenda leikstjóra handrit a.m.k. fjórum mánuðum fyrir áætlaðan frumsýningardag. Undantekning er leiksmiðjuverkefni eða ákvörðun um leikverk tekin með stuttum fyrirvara, enda fullt samkomulag aðila um slíkt.

2.4 Fastráðinn starfsmaður LR

2.4.1 Heimilt er að gera tímabundinn ráðningarsamning við starfsmann, sem er fastráðinn til annarra starfa, um tiltekið leikstjórnarverkefni s.s. sviðssetningu leiksýningar eða leiklesturs, stjórn rannsóknarverkefnis á sviði sviðslista o.s.frv.

2.4.2 Laun skulu greidd skv. hjálögðum launatöflum og miðast við 57% þess launaflokks sem álagsgreiðsla ofan á þau laun sem starfsmaður hefur vegna fastráðningar til annarra starfa hjá LR.

2.5 Ráðningarsamningur

2.5.1 Ráðningarsamningur skal vera skriflegur og gerður í tveim samhljóða eintökum. Heldur LR einu eintaki og leikstjórinn öðru.

2.5.2 Í ráðningarsamningi vegna verkefnaráðningar skal m.a. tilgreina flokkun sviðsetningar, launaflokk auk þess áætlun um helstu tímasetningar uppsetningar.

2.5.3 Fylgiskjöl ráðningarsamnings skulu vera, eftir því sem við á hverju sinni, forsendur sviðsetningar sem tekur á fjárhagsramma leikmyndar, búninga o.fl. sértækt, skiladagar vinnuteikninga listrænna stjórnenda og starfslýsing leikstjóra.

2.5.4 Afrit ráðningarsamnings leikstjóra skal sent skrifstofu FLÍ enda liggi fyrir samþykki hans.

2.6 Frávik á æfingartíma, frestun verkefnis, verkefni aflýst

2.6.1 Hætti LR við sviðsetningu eftir undirritun ráðningarsamnings, án þess að leikstjóri eigi þar sök á, skulu samningsaðilar semja sérstaklega um uppsögn ráðningarsamnings. Launagreiðslur vegna uppsagnar skulu taka mið af þeirri undirbúningsvinnu sem þegar hefur verið unnin, flokkun sviðsetningar sbr. gr. 1.2 og tímalengd fram að áætlaðri frumsýningu.

2.6.2 Ef óvænt rof eða frestun af hálfu LR verður á vinnu við sviðsetningu sem leikstjóri ber ekki ábyrgð á, skulu samningsaðilar semja um laun á biðtíma. Sama gildir verði verulegt frávik frá forsenduáætlun á æfingartíma. Geti leikstjóri ekki lokið vinnu við viðkomandi sviðsetningu utan upphaflegs samningstíma vegna annara skuldbindinga skulu samningsaðilar semja um uppsögn ráðningarsamnings. Launagreiðslur vegna uppsagnar skulu taka mið af þegar áfallinni

undirbúningsvinnu, flokkun sviðsetningar sbr. gr. 1.2 og tímalengd fram að ætlaðri frumsýningu.

3 Launaseðill, félagsgjöld, iðgjaldagreiðslur og orlofsréttindi

3.1 Launaseðill

3.1.1 Við greiðslu launa til leikstjóra á hann rétt á að fá launaseðil merktan nafni sínu. Á launaseðli skulu tilgreind föst laun leikstjóra það tímabil sem greiðslan tekur til, sundurliðun einstakra tekna og frádráttarliða sem leiða til útgreiddra launafjárhæða.

3.2 Greiðslur í lífeyrissjóð

3.2.1 LR greiðir 11,5% framlag af launum leikstjóra í þann lífeyrissjóð sem leikstjóri á aðild að á móti 4% iðgjaldi hans.

3.2.2 Í þeim tilvikum sem leikstjóri leggur til viðbótarframlag í séreignarsjóð greiðir vinnuveitandi framlag á móti með eftirfarandi hætti:
Mótframlag vinnuveitanda nemur 2% gegn 2-4% framlagi leikstjóra.

3.4 Félagsgjald

3.4.1 LR innheimtir 1.5% félagsgjald af heildarlaunum leikstjóra og stendur skil á því mánaðarlega til FLÍ.

3.5 Menningarsjóðsgjald

3.5.1 LR skal greiða mánaðarlega 1% menningarsjóðsgjald af heildarlaunum leikstjóra í menningarsjóð FLÍ

3.6 Styrktar- og sjúkrasjóður

3.6.1 LR greiðir mánaðarlega framlag í styrktar- og sjúkrasjóð BHM sem nemur 1% af heildarlaunum leikstjóra.

3.7 Starfsmenntasjóður

3.7.1 Atvinnurekandi greiðir 0,22% af heildarlaunum í Starfsmenntunarsjóð BHM / hlutaðeigandi stéttarfélags.

3.8 Starfsþróunarsetur háskólamanna

3.8.1. Heimilt er að semja um að LR greiði 0,7% af heildarlaunum í Starfsþróunarsetur háskólamanna.

Skýring:

Þrátt fyrir heimildarákvæði í grein 3.8.1 hefur atvinnurekendi, á almennum markaði, ekki rétt á styrkjum frá Starfsþróunarsetri háskólamanna, eingöngu starfsmaðurinn, sjá nánar bókun vegna Starfsþróunarsetur háskólamanna.

3.9 Orlofssjóður

3.9.1 LR greiðir sérstakt gjald í Orlofssjóð BHM. Gjald þetta skal nema 0,25% af heildar launum leikstjóra.

3.10 Orlofsréttur

3.10.1 Ársráðinn leikstjóri skal fá 30 daga orlof miðað við fullt ársstarf. Leikstjóri sem unnið hefur hluta af fullu starfi eða hluta úr ári fær greitt hlutfallslega m.v. vinnuframlag.

3.10.2 Verkefnaráðnum leikstjóra skal greitt orlofsfé er nemur 10,17% á öll laun skv. samningi þessum. Eftir 3 ára starf skal hann fá 11,59% og eftir 5 ára starf 13,04%.

3.10.3 Greiða skal dánarbúi áunninn orlofsrétt látins leikstjóra.

3.10.4 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

4 Vinnuslys, slysatryggingar, greiðsla launa í slysa- veikindatilfellum, fæðingarorlof, aðbúnaður og hollustuhættir

4.1 Tilkynningar, vottorð og útlagður kostnaður

4.1.1 Ef leikstjóri verður óvinnufær vegna veikinda eða slyss, skal hann tilkynna það þegar í upphafi vinnudags. LR ákveður hvort læknisvottorðs skuli krafist og hvort það skuli vera frá trúnaðarlækni fyrirtækis. Krefjast má læknisvottorðs af leikstjóra vegna óvinnufærni hvenær sem þykir þörf á.

4.1.2 Skylt er leikstjóra sem er óvinnufær vegna veikinda eða slyss að gangast undir hverja þá venjulegu og viðurkenndu læknisrannsókn sem trúnaðarlæknir kann að telja nauðsynlega til þess að skorið verði úr því hvort forföll séu lögmæt, enda sé kostnaður vegna viðtals við lækni og nauðsynlegra læknisrannsókna greiddur af LR.

- 4.1.3 Endurgreiða skal leikstjóra gjald vegna læknisvottorða sem krafist er skv. gr. 4.1.1 og 4.1.2. Sama gildir um viðtal hjá lækni vegna öflunar vottorðs.
- 4.1.4 Við vinnuslys kosti LR flutning hins slasaða til heimilis eða sjúkrahúss og endurgreiði honum eðlilegan útlagðan sjúkrakostnað í hverju tilfalli, annan en þann sem almannatryggingar greiða. Hvað varðar sjúkra- og flutningskostnað teljast slys á beinni leið til og frá vinnu til vinnuslysa.

4.2 Dánar-, slysa- og örorkutryggingar

- 4.2.1 LR tryggir leikstjóra, sem samningur þessi tekur til, fyrir dauða, varanlegri læknisfræðilegri örorku og/eða tímabundinni örorku af völdum slyss við vinnu eða á eðlilegri leið frá heimili til vinnustaðar og frá vinnustað til heimilis. Ef leikstjóri hefur vegna starfs síns viðlegustað utan heimilis, kemur viðlegustaður í stað heimilis, en tryggingin tekur þá einnig til eðlilegra ferða milli heimilis og viðlegustaðar.
- 4.2.2 Vátrygging gildir í ferðum innanlands og utan sem farnar eru á vegum LR.
- 4.2.3 Tryggingin skal ná til slysa, er verða við íþróttaiðkun, keppni og leiki, enda hafi slíkt farið fram á vegum LR eða leikstjórafélags og ætlast sé til þátttöku í slíkri iðkun sem hluti af starfi leikstjóra. Ekki skiptir máli að þessu leyti hvort slysið verður á hefðbundnum vinnutíma eða utan hans. Undanskilin eru slys er verða í hnefaleikum, hvers konar glímu, akstursíþróttum, drekaflugi, svifflugi, teygjustökki, fjallaklifri sem krefst sérstaks búnaðar, bjargsigi, froskköfun og fallhlífastökki.
- 4.2.4 Tryggingin greiðir ekki bætur vegna slyss, sem hlotist hefur af notkun skráningarskyldra vélknúinna ökutækja og er bótaskyld skv. lögboðinni ökutækjetryggingu, hvort heldur ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda skv. umferðarlögum.
- 4.2.5 Tryggingin tekur gildi gagnvart leikstjóra þegar hann hefur störf fyrir LR (fer á launaskrá) og fellur úr gildi þegar hann hættir störfum.
- 4.2.6 Vísitala og vísitölutenging bóta.

Vátryggingafjárhæðir miðast við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar sem gildir frá 1. febrúar 2020 (473,3 stig) og breytast 1. dag hvers mánaðar í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnnar.

Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli vátryggingarfjárhæða á slysaþegi en breytast með vísitölu neysliverðs til verðtryggingar í réttu hlutfalli við breytingu vísitölnnar frá slysaþegi til uppgjörsdags.

4.2.7 Dánarbætur

4.2.7.1 Valdi slys dauða váttryggðs innan þriggja ára frá slysadegi, greiðast rétthafa dánarbætur að frádregnum þegar útgreiddum bótum fyrir varanlega læknisfræðilega örorku vegna sama slyss.

4.2.7.2 Dánarbætur eru:

Til eftirlifandi maka skulu bætur nema kr. 8.374.027.

Með maka er átt við einstakling í hjúskap, staðfestri samvist eða í skráðri óvígðri sambúð með hinum látna.

Til hvers ólögráða barns sem hinn látni fór með forsjá með eða greiddi meðlag með samkvæmt barnalögum nr. 76/2003 skulu bætur vera jafnháar heildarfjárhæð barnalífeyris skv. almannatryggingalögum hverju sinni, sem það hefði átt rétt til vegna andlátsins til 18 ára aldurs. Um er að ræða eingreiðslubætur. Við útreikning bóta skal miðað við fjárhæð barnalífeyris á dánardegi. Bætur til hvers barns skulu þó aldrei nema lægri fjárhæð en kr. 3.349.611. Skulu bætur til barna greiddar út til þess sem fer með forsjá þeirra eftir andlát váttryggðs. Til hvers ungmennis á aldrinum 18-22 ára, sem áttu sama lögheimili og hinn látni og voru sannanlega á framfærslu hans skulu bætur vera kr. 837.403. Hafi hinn látni verið eini framfærandi barns eða ungmennis hækka bætur um 100%.

Hafi hinn látni sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum 67 ára eða eldri, skal hið eftirlifandi foreldri eða foreldrar sameiginlega fá bætur er nema kr. 837.403. Eigi hinn látni ekki maka skv. tölulið 1. greiðast dánarbætur kr. 837.403. til dánarbús hins látna.

4.2.8 Bætur vegna varanlegrar örorku

Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli læknisfræðilegar afleiðingar slyss. Skal varanleg örorka metin til stiga samkvæmt töflu um miskastig, sem gefin er út af Örorkunefnd og skal matið miðast við heilsufar tjónþola eins og það er þegar það er orðið stöðugt.

Grunnfjárhæð örorkubóta er kr. 19.092.781. Bætur vegna varanlegrar örorku skulu reiknast þannig að fyrir hvert örorkustig frá 1-25 greiðast kr. 190.928, fyrir hvert örorkustig frá 26-50 greiðast kr. 381.856, fyrir hvert örorkustig frá 50-100 greiðast kr. 763.711. Bætur vegna 100% varanlegrar örorku eru því kr. 52.505.149.

Örorkubætur skulu jafnframt taka mið af aldri tjónþola á slysadegi þannig að bætur lækki um 2% fyrir hvert aldursár eftir 50 ára aldur. Eftir 70 ára aldur lækki bætur um 5% af grunnfjárhæð fyrir hvert aldursár. Aldurstenging örorkubóta skal þó aldrei leiða til meiri skerðingar en 90%.

4.2.9 Bætur vegna tímabundinnar örorku

Valdi slys tímabundinni örorku skal trygging greiða dagpeninga í hlutfalli við starfsorkumissinn fjórum vikum frá því slys átti sér stað og þar til leikari verður vinnufær eftir slysið eða þar til örorkumat hefur farið fram, þó ekki lengur en í 37 vikur.

Dagpeningar vegna tímabundinnar örorku eru kr. 41.870 á viku. Ef leikstjóri er vinnufær að hluta greiðast dagpeningar hlutfallslega.

Dagpeningar úr tryggingu greiðast til LR meðan leikstjóri fær greidd laun samkvæmt kjarasamningi eða ráðningarsamningi en síðan til leikstjóra.

4.2.10 LR ber að kaupa tryggingu hjá tryggingafélagi með starfsleyfi hér á landi sem fullnægir ofangreindum skilyrðum kjarasamningsins um slysatryggingar.

Að öðru leyti en tiltekið er í þessum kafla samningsins skulu gilda um trygginguna skilmálar viðkomandi tryggingafélags og ákvæði laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004.

4.3 Réttur til launa vegna veikinda og slysa.

4.3.1 Um rétt leikstjóra til launa og bóta vegna veikinda og slysa fer eftir ákvæðum í gildandi samningum aðildarfélaga BHM við SA.

4.4 Fæðingarorlof

4.4.1 Um greiðslu í fæðingarorlofi fer skv. lögum um fæðingarorlof.

4.5 Aðbúnaður og hollustuhættir

4.5.1 Allir leikstjórar skulu njóta réttinda samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum enda falli starf þeirra ekki undir önnur lög.

4.5.2 Vinnustaður skal þannig úr garði gerður að þar sé gætt fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta, sbr. VI. kafla laga nr. 46/1980.

4.5.3 Algengustu lyf og sjúkragögn skulu vera fyrir hendi á vinnustað til nota við fyrstu aðgerð í slysatilfellum.

5 Höfundarréttur, myndbandsupptökur, ábyrgð og skyldur

5.1 Höfundarréttur leikstjóra

- 5.1.1 Leikstjóri á höfundarrétt á sviðssetningu sinni skv. almennum reglum um hugverkarétt og hefur LR einungis rétt til að sýna sviðssetninguna á því leiksviði sem hún var unnin fyrir nema um annað sé samið.
- 5.1.2 LR ber að gera einfalda (ein tökuvél) mynd- eða hljóðupptöku af sviðssetningu til varðveislu í safni stofnunarinnar eða öðru því safni sem samið verður um að varðveiti slíkar upptökur. Allur opinber flutningur af slíkum upptökum að hluta eða í heild er óheimill nema um það sé samið sérstaklega.
- 5.1.3 Ef gerðar eru mynd- eða hljóðupptökur af sviðsetningu vegna kynningar ber að hafa fullt samráð við leikstjóra.
- 5.1.4 Ef gerðar eru upptökur af sviðsverki til endursölu skal hafa fullt samráð við leikstjóra. Semja skal fyrirfram um höfundagreiðslu.
- 5.1.5 LR skal láta leikstjóra í té a.m.k. 10 ljósmyndir. Jafnframt getur leikstjóri óskað eftir afriti af myndupptöku af endanlegri sviðsetningu verksins.

5.2 Ábyrgð og skyldur

- 5.2.1 Forsendur og fjárhagsrammi sviðsetningar skal liggja fyrir við undirritun ráðningarsamnings verkefnaráðins leikstjóra, eftir því sem við verður komið. Leikstjóra er óheimilt að taka fjármálalegar ákvarðanir varðandi verkefni eða skuldbinda sviðslistastofnun fjárhagslega. Allar ákvarðanir, sem kallað geta á aukin fjárútlát skulu bornar undir yfirstjórn LR.
- 5.2.2 LR skal sjá leikstjóra fyrir vinnuaðstöðu með aðgangi að síma og nettengingu í leikhúsinu vegna undirbúningsvinnu og fundarhalda á samningstímabilinu.
- 5.2.3 Við ráðningu listrænna stjórnenda, leikara og annarra samstarfsmanna ber að hafa náð samráð við leikstjóra og leitast við að virða óskir hans.
- 5.2.4 Leikstjóri skal skipuleggja æfingar í samráði við yfirstjórn LR og í samræmi við skipulagsáætlun LR hverju sinni.
- 5.2.5 Leikstjóri ber listræna ábyrgð á sviðssetningu og skal hafa góða yfirsýn yfir framvindu einstakra verkþátta á samningstíma.
- 5.2.6 Í allri kynningu á verkefninu, skal nafn leikstjórans ætíð koma skýrt fram nema hann samþykki annað.

6.1 Gildistími

- 6.1.1 Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2020 til 1. nóvember 2022 með þeim fyrirvörum sem í þessum samningi felast.

6.2 Samningsforsendur

- 6.2.1 Kjarasamningur þessi byggir á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar dags. 3. apríl 2019. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli ákvæða um hagvaxtarauka og kauptaxtaauka eða forsenduákvæða framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning þennan. Komi til þess að kjarasamningunum frá 3. apríl sl. verði sagt upp er heimilt að segja samningi þessum upp frá sama tíma. Tilkynna skal um uppsögn innan fimm virkra daga frá því almennum kjarasamningum er sagt upp.

Bókanir

Bókun um hlutverk leikstjóra

Aðilar eru sammála um að leikstjóri sé verkstjóri þeirrar sýningar sem hann er ráðinn til að sinna, hann sjái um allan undirbúning, stýri æfingum og beri svo eftirlitsskyldu með sýningum.

Leikstjóri er sérstakur trúnaðarmaður vinnuveitanda gagnvart starfsmönnum, sem hann stjórnar fyrir hönd vinnuveitanda.

Á leikstjóra hvílir alger þagnarskylda um öll málefni vinnuveitanda, sem hann fær vitneskju um vegna stjórnunarstöðu sinnar.

Vinnuveitandi stendur við hlið leikstjóra honum til verndar og stuðnings, til að forða því, að leikstjóri verði fyrir óþægindum eða skaða sakir þess að hann framkvæmir skylduverk sín í samræmi við stöðu sína og ábyrgð sem trúnaðarmaður vinnuveitanda síns.

Bókun um verktöku

Aðilar eru sammála að margir ókostir fylgi verktöku, t.d. þegar slys verða við æfingar og á sýningum. Munu þeir því ráðleggja leikstjórum frá því að ráða sig í verktöku til LR.

Bókun um aðstoðarleikstjóra

Kjosi leikstjóri að fá aðstoðarleikstjóra að sviðsetningunni og vinnuveitandi veitir samþykki sitt skulu launakjör aðstoðarleikstjóra vera í samræmi við launatöflu samnings þessa og ekki lægri en 70% af þeim launaflokki sem hann sem leikstjóri ætti rétt á. Heimilt er að ráða aðstoðarleikstjóra tímabundið.

Bókun um dramatúrg

Ákveði vinnuveitandi að höfðu samráði við leikstjóra að ráða dramatúrg til að vinna við sviðsetningu verksins skulu launakjör dramatúrgs og önnur réttindi taka mið af kjarasamningi þessum. Heimilt er að ráða dramatúrg tímabundið og í hlutastarf.

Bókun um samsköpunarverk

Aðilar eru sammála um að komi til sviðsetningar samsköpunarverka (e. devised) skuli vinnuveitandi gera höfundarréttarsamning við þá listamenn, sem að verkinu koma, bæði um textagerð, þróunarvinnu og sviðsetningu höfundarverks þeirra.

Bókun um röðun í launaflokka

Með vísan til gr. 1.3.1 um röðun í launaflokka eru aðilar sammála um að þegar áunnin réttindi lækki ekki við tilkomu nýrrar flokkunartöflu.

Fylgiskjöl:

Kauptaxtar á samningstíma

Starfslýsing leikstjóra

Ráðningasamningur, eyðublað

Kauptaxtar á samningstímabilinu

Launatafla verkefnaráðs leikstjóra 1. janúar 2020

17.000 kr. hækkun

Launaflokkur

		Laun
01	Byrjunarlaun	553.180
02	Eftir 4 sviðsetningar eða 2 ára prófaldur	569.761
03	Eftir 7 sviðsetningar eða 5 ára prófaldur	586.856
04	Eftir 12 sviðsetningar eða 9 ára prófaldur	604.482
05	Eftir 18 sviðsetningar eða 12 ára prófaldur	622.651
06	Eftir 24 sviðsetningar eða 16 ára prófaldur	641.383
07	Eftir 30 sviðsetningar eða 20 ára prófaldur	660.694
08	Eftir 35 sviðsetningar eða 25 ára prófaldur	680.602

Launatafla verkefnaráðs leikstjóra 1.4.2020

24.000 kr. hækkun

Launaflokkur

		Laun
01	Byrjunarlaun	577.180
02	Eftir 4 sviðsetningar eða 2 ára prófaldur	593.761
03	Eftir 7 sviðsetningar eða 5 ára prófaldur	610.856
04	Eftir 12 sviðsetningar eða 9 ára prófaldur	628.482
05	Eftir 18 sviðsetningar eða 12 ára prófaldur	646.651
06	Eftir 24 sviðsetningar eða 16 ára prófaldur	665.383
07	Eftir 30 sviðsetningar eða 20 ára prófaldur	684.694
08	Eftir 35 sviðsetningar eða 25 ára prófaldur	704.602

Launatafla verkefnaráðs leikstjóra 1.1.2021

24.000 kr. hækkun

Launaflokkur

		Laun
01	Byrjunarlaun	601.180
02	Eftir 4 sviðsetningar eða 2 ára prófaldur	617.761
03	Eftir 7 sviðsetningar eða 5 ára prófaldur	634.856
04	Eftir 12 sviðsetningar eða 9 ára prófaldur	652.482
05	Eftir 18 sviðsetningar eða 12 ára prófaldur	670.651
06	Eftir 24 sviðsetningar eða 16 ára prófaldur	689.383
07	Eftir 30 sviðsetningar eða 20 ára prófaldur	708.694
08	Eftir 35 sviðsetningar eða 25 ára prófaldur	728.602

Launatafla verkefnaráðs leikstjóra 1.1.2022

25.000 kr. hækkun

Launaflokkur

		Laun
01	Byrjunarlaun	626.180
02	Eftir 4 sviðsetningar eða 2 ára prófaldur	642.761
03	Eftir 7 sviðsetningar eða 5 ára prófaldur	659.856
04	Eftir 12 sviðsetningar eða 9 ára prófaldur	677.482
05	Eftir 18 sviðsetningar eða 12 ára prófaldur	695.651
06	Eftir 24 sviðsetningar eða 16 ára prófaldur	714.383
07	Eftir 30 sviðsetningar eða 20 ára prófaldur	733.694
08	Eftir 35 sviðsetningar eða 25 ára prófaldur	753.602